

Garðabær-Bæjarskrifstofur
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík 16. júlí 2017
UST201705-116/K.S.J.
10.04.02

Efni: Tillaga að aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Garðabæjar er barst 12. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Garðabæjar 2016 – 2030.

Áætlanir um náttúruvernd

Umhverfisstofnun tekur undir friðlýsingaráform áætlunarinnar en þau eru, að Urriðakotshraun, Gráhelluhraun og Urriðakotsvatn verði friðlýst sem fólkvangur. Einnig eru áform um Skerjafjörð og strönd á Álftanesi. Einnig tekur stofnunin undir áætlanir um endurheimt votlendis.

Í greinargerð er upptalning yfir friðlýst svæði í Garðabæ. Þar er talið upp sem svæði G. Búrfell, Búrfellsgjá og eystri hluti Selgjár, náttúruvætti. Þar sem ofangreint svæði er ekki lengur friðlýst sbr. auglýsingu í stjórnartíðindum nr. 380/2016, þar sem fram kemur að auglýsing nr. 511/2014 sem fjallar um friðlýsingu náttúruvættisins sé felld niður. Þar sem svæðið er því miður ekki friðlýst sem náttúruvætti í dag, þarf að lagfæra greinargerð tillögunnar til samræmis við niðurfellinguna.

Umhverfisstofnun bendir á að Búrfell og Búrfellsgjársvæðið er á eldhrauni og nýtur sérstakrar verndar skv. gr. 61 í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

Meginatriði aðalskipulagstillögu

Í umfjöllun um meginatriði aðalskipulagstillögu kemur fram að breytingar eru á Ofanbyggðavegi þ.e. áætlað er að fella hann niður til norðurs og í staðinn er áætluð tenging um Setbergsholt að Reykjanesbraut. Umhverfisstofnun bendir á að tenging um Setbergsholt virðist áætluð nálægt Urriðakotsvatni.

Í umfjöllun í umhverfisskýrslu um væntanlega byggð á Setbergsholti og Svínsholti kemur fram að holtin eru metin saman og að svæðin þurfi að mynda eina heild til að ná góðri hverfiseiningu með ásættanlegum íbúafjölda. Einnig kemur fram að svæðið er óbyggt en mikið raskað, en þar er golfvöllur og einnig mikið um lúpínu. Umhverfisstofnun bendir á að Ofanbyggðavegur er sýndur milli áætlaðrar byggðar og Urriðakotsvatns sem er hverfisverndað og einnig eru áform um friðlýsingu vatnsins. Ekki kemur fram hver áætluð fjarlægð er frá Ofanbyggðavegi að vatninu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að tengingar milli íbúasvæðis og hverfisverndaða svæðisins verði greiðar og að Ofanbyggðavegur verði ekki áætlaður of nálægt vatninu.

Varðandi ofanvatnslausnir þá þarf að tryggja að afrennsli af vegi með sóti/svifryki og dekkjaörðum fari ekki í Urriðakotsvatn heldur verði safnað í hreinsibúnað/hreinsitjarnir af einhverju tagi.

Vífilsstaðavegur

Umhverfisstofnun tekur undir áform um að fella niður tengingu Vífilsstaðarveggar við Álftanesveg. Eins og fram kemur er mosavaxið hraun sem mikið er nýtt til útivistar á svæðinu þar sem tengingin hefur verið áætluð. Eldhraun nýtur sérstakrar verndar skv. gr.61 í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, og telur stofnunin afar mikilvægt að hrauninu verði ekki raskað.

Sjávarflóð

Í umfjöllun um náttúruvá og sjávarflóð kemur fram að lágmarks gólfkóti nýbygginga á Álftanesi er 5,20 við strönd og að ekki skuli gera ráð fyrir byggð nær strönd en 30 – 50 metra. Umhverfisstofnun bendir á að í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 en þar segir í gr. 5.3.2.14. gr. Skipulag við vötn, ár og sjó. „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningsur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“ Að mati Umhverfisstofnunar ætti ekki að áætla framkvæmdir nær sjó á Álftanesi en 50 m, þótt um þéttbýli sé að ræða.

Vegur um Leirdalsop

Í ofangreindri tillögu er fjallað um vegtengingu um Leirdalsop. Þar kemur fram að stefnan sé að halda slíkri vegtengingu inni með einhverjum hætti og hafa hana alveg óháða Ofanbyggðaveginum. Fram kemur að áhrif tengingarinnar eru háð óvissu og að útfærslu vegarins. Umhverfisstofnun mun taka afstöðu til tengingarinnar þegar ítarlegri greining og umfjöllun um áhrif koma fram.

Tenging Kaupþúns við Ofanbyggðaveg

Í umhverfisskýrslu kemur fram að niðurstaða umhverfismats er sú að stefna um að tengja Kaupþún við Ofanbyggðaveg í Setbergslandi sé óverulega jákvæð varðandi áhrif á samfélag og talsvert neikvæð varðandi áhrif á náttúrufer og dýralíf. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægara að varðveita hverfisverndaða svæðið þar sem eru votlendi og nútímahraun sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um um náttúruvernd nr. 60/2013, en að framkvæma vegtengingu um svæðið sem hefur óveruleg jákvæð áhrif á samfélag, enda eru leiðir inn að Kaupþúni greiðar án tengingarinnar. Umhverfisstofnun tekur undir gildandi aðalskipulag þar sem ekki er gert ráð fyrir vegtengingunni.


Almenningssamgöngur

Umhverfisstofnun tekur undir stefnu um almenningssamgöngur á aðalskipulagstillögunni.

Kirkjugarður

Í umhverfisskýrslu er farið yfir áætlun um kirkjugarð í Rjúpnadal, en ekki eru möguleikar á frekari stækkun Garðakirkjugarðs. Í skýrslunni kemur fram að Rjúpnadal hefur verið raskað með ýmsum hætti og að haugsetningarsvæði af tiltekinni stærð eru háð lögum um mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við það að tillögum um mótvægisáðgerðir og vöktun sé vísað á mats- og framkvæmdastig.

Virðingarfyllst



Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur



Björn Stefánsson
Sérfræðingur